

Sigurður Tómas Þórisson

Arnarfjörður

Leiðarvísir fyrir ísklifur

Arnarfjörður er stærsti fjörðurinn á sunnanverðum Vestfirðum. SV-megin í firðinum eru svokallaðir Ketildalir, sem er röð dala, dalverpa og skessusæta sem skera sig inn í Vestfjarðasléttuna. Skv. Landnámu eru Ketildalir sagðir heita eftir Katli Þorbjarnarsyni ilbreið.

Í Ketildölum er að finna eitt allra besta ísklifursvæði landsins og þótt víða væri leitað. Skráðar leiðir á svæðinu eru 44 talsins og enn eru möguleikar fyrir tugi nýrra leiða. Bíldudalur er blómlegur smábær og er örstuttur akstur þaðan að helstu svæðunum. Einnig er stutt til Tálknafjarðar og Patreksfjarðar.



Aðkoma

Nokkrar leiðir eru til að koma sér til Bíldudals.

A) Bein akstursleið (427km) tekur um 6-8 tíma að vetrarlagi. Frá Reykjavík er hringvegurinn (þjóðvegur 1) ekinn gegnum Borgarnes og Bifröst. Um 10 mín eftir Bifröst er beygt til norðurs (vinstri) inn á þjóðveg 60 í átt að Búðardal/Ísafirði/Patreksfirði og yfir Bröttubrekku. Ekið er gegnum Búðardal og yfir Gilsfjörð og Þorskaufjörð og eftir Barðastrandarvegi til Flókalundar.

ATH! Við Flókalund heldur þjóðvegur 60 beint áfram upp á Dynjandisheiði (og yfir á Trostansheiði niður í Arnarfjörð og til Bíldudals). Þessi vegur er ekki í vetrarþjónustu og því almennt lokaður á ísklifurtímabilinu. Í stað þess er þjóðvegur 62 ekinn áfram út Barðaströndina og yfir Kleifaheiði til Patreksfjarðar. Þegar komið er inn til Patreksfjarðar er beygt til norðurs/hægri inn á þjóðveg 63

yfir Mikladal til Tálknafjarðar. Í Tálknafirði er haldið áfram eftir þjóðvegi 63 yfir Hálfðán til Bíldudals.

ATH! Á Barðaströndinni er stuttur fjallvegur yfir Klettsháls, sem á það til að lokast í vetrarveðrum. Einnig eru heiðarnar kringum Patró og Tálknafjörð snjóþungar en mokstur á þeim er tíðari en á Klettshálsinum. Fylgist vel með færð á vef vegagerðarinnar.

B) Breiðafjarðarferjan Baldur - 6-8 tímar að vetrarlagi. Í Borgarnesi er beygt til vesturs inn á þjóðveg 54 á átt að Stykkishólmi og ekið í hálf tíma þar til beygt er til norðurs/hægri hjá Vegamótum inn á þjóðveg 56 (Vatnaleið til Stykkishólms). Þegar komið er yfir Snæfellsnesið er beygt til austurs/hægri inn á þjóðveg 54 og síðan þjóðveg 58 inn til Stykkishólms (samtals 172km frá Rvk). Baldur fer frá megin hafnarsvæðinu í miðbæ Stykkishólms og er auðvelt að finna með því að

stefna á gula vitann á hólnum ofan við höfnina. Baldur stoppar stutt í Flatey á leiðinni til Brjánslækjar á Barðaströndinni og tekur bátsferðin um 2 1/2 tíma. Frá Brjánslæk er beygt til vesturs/vinstri eftir þjóðvegi 62 og 63 (eins og í leið a) til Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og loks Bíldudals (85km). Kostur við b) er að fyrir utan notalega bátsferð yfir Breiðafjörðinn sleppur maður við verstu snjógildrurnar á Barðaströndinni, sem er þess utan afar lýjandi akleið. Gallinn er aftur á móti að ferjan er yfirleitt dýrari kostur og maður er háður fastri áætlanferð hennar (ein ferð á dag yfir veturinn og engin ferð á laugardögum).

C) Það er lítill flugvöllur við Bíldudal og flugfélagið Ernir flýgur þarna frá Reykjavík allt árið (alla daga nema laugardaga). Hafið samband við ferðamálafrömuði á Bíldudal til að kanna með bílamál á svæðinu.



Fenrir (WI5+) í Innrihvilft. Mynd: Óðinn Árnason

Gisting

Hentugast er að gista á Bíldudal því þaðan er örstutt á helstu klifursvæðin. Stiklur (Steppin' Stones) er gisti- og stöðum sem er opið árið um kring með fjölda gistirýma. Hægt er að fá þar morgunmat og stærri máltíðir auk þess sem þau aðstoða við að græja allt milli himins og jarðar. Þar er einnig farfuglaheimili á Bíldudal með 38 gistirýmum. Það er hins vegar lokað yfir vetrartímamann en fyrir stærri hópa gæti verið möguleiki að opna það sérstaklega. Einnig er fjöldi gisti- og stöðum á Tálknafirði (15km akstur) og á Patreksfirði (30km akstur).

Um klifrið

Ísklifurleiðirnar í Arnarfirði eru af öllum stærðum og gerðum, frá WI2 upp í WI6 og frá 20m upp í 400m. Fjallstopparnir eru í 500-600m hæð þannig að möguleiki er á enn lengri leiðum. Bróðurpartur skráðra leiða var farinn á Ísklifurfestivali Ísals árið 2009 og 2015 en þess á milli er aðeins vitað um

einn hóp erlendra klifrara á svæðinu (Kitty Calhoun/Jay Smith og co í febrúar 2014). Flestar augljósu línurnar á svæðum B (Svarthamrar), C (Hvestudalur) og D (Innrihvilft) hafa þegar verið klifnar. Svæði A (Bíldudalsfjall) og E-G (Ytri-hvilft til Selárdals) eru tiltölulega lítið snert, þó stakar leiðir hafi þegar verið farnar. Það er því enn möguleikar fyrir töluverðan fjölda nýrra leiða af öllum stærðum og gerðum í Arnarfirði og nágrenni (t.d. í botni Patreksfjarðar).

NB Ketildalavegur er skilgreindur sem lágfargangsvegur hjá Vegagerðinni og er bara mokaður stöku sinnum. Síðasta byggða ból er um hálf leið út í Selárdal í Hringisdal og er ekki mokað lengra en þangað.

Stiklur - Steppin' Stones: www.stiklur.is
Flugfélagið Ernir: www.ernir.is
Hostel á Bíldudal: www.hostel.is/hostels/bildudalur
Ferjan Baldur: www.sæferdir.is

NB Vestfirðir eru alræmt snjóflóðasvæði. Í vissum vindáttum getur orðið mikil snjósöfnun ofan og neðan ísklifurleiðanna. Hafið því varann á varðandi snjóflóðahættu en einnig varðandi grjót- og ishrun.

Tímabil

Vart þarf að taka það fram að í Arnarfirði eins og annars staðar á landinu, er ómögulegt að spá fyrir um ísklifur- aðstæður. Janúar og febrúar eru þó þeir mánuðir, sem mestar líkur eru á góðum aðstæðum. Mars getur einnig verið góður með lengri daga en líkur á hlýindum eitthvað meiri.

A) Bíldudalsfjall – 0-1km frá Bíldudal



Mynd: Cassim Ladha

Þetta svæði er í göngufjarlægð frá Bíldudal, milli bæjarins og Svarthamra (B) í brattri gilskorinni hlið ofan við Ketildalavegin. Akið norður í gegnum bæinn og í gegnum hlið þar sem komið er á Ketildalavegin í áttina til Selárdals.


Klifurleiðir eru í bröttu giljunum ofan vegarins og tekur um 10-15 mín að bröla upp hliðina. 4 leiðir frá WI4 upp í WI5.

A1) **Thread Bear or Threadless** WI4
02/15: Dave Garry, Cassim Ladha

A2) **G2o** WI4
02/15: Cassim Ladha, Dave Garry

A3) **Skolli** WI4+, 35M
02/09: Guðjón Snær Steindórsson, Viðar Helgason
Staðsetning óljós. Gæti verið sama og A1 eða A2


A4) **Skuggabaldur** WI5, 30M
02/09: Guðjón Snær Steindórsson, Viðar Helgason
Staðsetning óljós. Gæti verið sama og A1 eða A2



Dreifing erfiðleikagráða ísklifurleiða í Annarfirði

Varið ykkur á snjóflóðahættu úr hliðinni fyrir ofan.

B) Svarthamrar – 2-3km frá Bíldudal



Mynd: Sylvia Mack

Svarthamrar eru einnig tiltölulega nærri Bíldudal, milli Bíldudalsfjalls (A) og Hvestudals (C) og skarta fjölda glæsilegra leiða í brattri og breiðri hlið ofan vegarins. Aðkoma tekur um 10-15mín upp bratta skriðu.

Hér hafa verið farnar átta leiðir frá WI4+ upp í WI6 og eru þær lengstu um 250m langar. Helstu ófögnu verkefni hér er WI6 pillarinn hægra megin við B3 og að klára leið B8 upp á topp.

B1) **Seiðskrattinn (The Warlock)** WI5+, 130M
02/15: Sigurður Tómas, Dave Garry, Cassim Ladha

B5) **Kertasmíðjan** WI5, 120M
02/09: Björgvin Hilmarsson, Sveinn F. Sveinsson

B2) **Skotlínan** WI5, 130M
02/09: Daniel G, Ásbjörn H, Smári S

B6) **12" Mottó** WI4+/M4, 240M
02/09: Andri B, Freyr I B, Tryggvi Þ

B3) **Firring (Alienation)** WI5, 130M
02/09: Sigurður Tómas, Róbert Halldórss.
Sama byrjunarkertið og í B2 en fer upp miðju fossinn.

B7) **Bíldudals grænar baunir** WI4+, 240M
02/09: Skarphéðinn Halldórss, Guðlaugur I Guðlaugss

B4) **Vatnsberinn (Aquarius)** WI6, 130M
02/09: Róbert H, Sigurður T, Guðjón S, Viðar H

B8) **Pirraði fyllinn** WI4+, 100M
02/09: Daniel G, Ásbjörn H, Smári S

Varið ykkur á snjóflóðahættu úr hliðinni fyrir ofan.

C) Hvestudalur – 3-4 km frá Bíldudal



Andahvilftin við austurjaðar Hvestudals. Mynd: Sylvia Mack

Hvestudalur er innsti Ketildalurinn. Hann opnast þegar komið er framhjá Svarthamrasvæðinu, nokkra km utan við Bíldudal. Tólf leiðir hafa verið farnar á svæðinu og enn eru töluverðir möguleikar á nýjum leiðum. Sjöandahvilft eða Andahvilft er gríðarstórt skessusæti, sem sker sig djúpt inn í landslagið utan við Svarthamra. Fjölmörg brött gil prýða hviltina og myndast ísfossar í allnokkrum þeirra - hafa nú sjö þeirra verið farnar (leiðir C1-C7) og í góðu árferði eru líkur á að fleiri línur myndist. Um 30-40 mín gangur er frá veginum að leiðunum í hviltinni.

Rétt sunnan við Andahvilft er bratt og glæsilegt klettaþil og hafa tvær leiðir verið klifnar þar (C8 og C9) með möguleikum á allnokkrum nýjum leiðum í erfiðari kantinum.

Ofan leiðanna er um 50m hátt sæmilega heillegt en íslaust yfirhangandi klettaþil, sem hægt væri að lengja núverandi leiðir með. Um 20-30 mín brölt er upp bratta skriðuna að leiðunum. Vestanmegin í dalnum er brött hlíð með nokkrum leiðum af ýmsum erfiðleikum (C10-C12). Ein þeirra spannar heila 400m, frá fjöru til fjallstopps.

C1) **Merman (Hafmaður)** WI4+, 150M
02/15: Sean Wilkinson, Cassim Ladha
Fyrsta og lengsta ísrennan í hviltinni (talið frá vinstri). Það eru síðan nokkrar íslausar rennur utar.

C2) **Shore Laddie (Fjörulalli)** WI4+, 100M
02/15: Adam Crook, Neil Griffiths, Dave Garry
Fjórða rennan.

C3) **Sæskrímli** WI4+, 135M
02/15: Adam Crook, Neil Griffiths, Sean Wilkinson
Fimmta rennan.

C4) **Geitungur** WI4+, 85M
02/15: Skarphédinn H, Katrín Möller, Ottó Ingi Þ
Sjöunda rennan. Byrjar makindalega en með bit í blálokin.


C5) **Nykur (The Nuggle)** WI3, 65M
02/15: Sigurður Ragnarsson, Þórður Aðalsteinnsson
Áttunda rennan.

C6) **Skeljaskrímli** WI3, 75M
02/15: Magnús Blöndal, Kristinn Sigurðsson
Níunda rennan.

C7) **Grautnefur** WI4, 70M
02/15: Skarphédinn H, Katrín Möller, Ottó Ingi Þ
Tíunda rennan.

C8) **Fjandafæla (The Exorcist)** WI5, 140M
02/09: Sigurður Tómas, Róbert Halldórss.
Glæsileg lína, sem teygir sig 140m til himins með bland í poka af erfiðleikum.

C8 & C9 eru á stóra klettaveggnum hægra megin við Andahvilftina (austan megin líka).



Leiðirnar austanmegin í Hvestudal, sunnan við Andahvilftina. Mynd: Sigurður Tómas Þórisson



Leiðirnar vestan megin í Hvestudal. Mynd: Sigurður Tómas Þórisson

C9) **Rigor Mortis** WI5+, 140M
02/09: Róbert Halldórss, Sigurður Tómas
Stóri bróðir C8. Jafn glæsileg en með nokkrum vel stífum höftum í kaupbæti.

C10) **Skepnan deyr** WI4, 400M
02/09: Eiríkur Gíslason, Björk Hauksdóttir
V.-megin í dalnum. Frá fjöru til fjalls - eða því sem næst. Byrjar nánast í fjöruborðinu og eltir gilið langleiðina upp á hálandi.

C11) **Hrafninn flýgur** WI4, 100M
02/09: Örvar D Rögnvaldsson, Ragnar H Þrastarson
Einnig vestanmegin í dalnum.

C12) **Glyðran** WI4, 45M
02/09: Guðmundur F, Arnar J, Óðinn Á, Davíð J Ö.
Í gili þar sem þrjár ísleiðir er að finna. Gilið opnast bakvið þrönga skoru og er þetta leiðin í miðjunni.

Síðustu þrjár leiðirnar eru vestanmegin í dalnum, beint á móti Andahvilftinni.

D) Innrihvilt 5-6 km frá Bíldudal



Mynd: Cassim Ladha

Innrihvilt er annað gríðarmikið skessusæti og er um miðja leið milli Bíldudals og Selárdals, nokkrum km utan við Hvestudal. Fjórtán skráðar leiðir eru á svæðinu, frá WI2 upp í WI5+, 40-350m langar.

Nokkrar línur eru enn ófarnar á svæðinu, einkum hægra megin í hviltfinni. Aðkoman tekur um 45mín frá veginum, fyrst upp bratta brekku, síðan á flata inn hviltarbotninn og síðan bratta brekku að leiðunum.

D1) **Odin (Óðinn)** WI5, 70M
02/14: Kitty Calhoun, Jay Smith, John Catto, Beth Goralski

D2) **Loki** WI5, 70M
02/14: Kitty Calhoun, Jay Smith, John Catto, Beth Goralski

D3) **Hrymur** WI4, 45M
02/15: Arnar Jónsson, Óðinn Árnason

D4) **Blindsker** WI5, 65M
02/15: Skarphéðinn Halldórsson, Sigurður Tómas

D5) **Naglfar** WI4+, 65M
02/15: Óðinn Árnason, Arnar Jónsson

D6) **Musculus** WI4+, 40M
02/09: Ágúst Þ Gunnlaugsson, Daði S Skúlason

D7) **Skotfélagið** WI4, 40M
02/09: Ágúst Þ Gunnlaugsson, Daði S Skúlason

D8) **Jötnar** WI5, 70M
02/14: Kitty Calhoun, Jay Smith, John Catto, Beth Goralski

D9) **Fenrir** WI5+, 70M
02/14: Kitty Calhoun, Jay Smith, John Catto, Beth Goralski
Glæsileg og gallhörd lína upp ævintýrlegt íspil.

D10) **Hel** WI5, 200M
02/15: Ottó I Þórisson, Katrín Möller
Fyrst farin með því að klifra leið D11 og hliðra þaðan 120m til vinstri inn í þessa mögnuðu alpalínu sem nær alla leið upp á topp. Erfiðleiki íshaftanna er á bilinu WI3-WI5. Arnar, Berglind og Heiða fóru langleiðina upp leiðina á ísfestivali 2009 en urðu frá að hverfa skammt neðan brúnar.

D11) **Ragnarök** WI3, 80M
02/09: Berglind A, Arnar Þ E, Heiða J

D12) **Bergmálið** WI5, 200M
02/09: Guðmundur F, Arnar J, Óðinn Á
Brött ishöft milli snjóklifurkafla. Alpalína, sem nær alla leið upp á topp.

D13) **Þjassi** WI2, 50M
02/15: Sigurður Ragnarsson, Þórður Aðalsteinnsson

D14) **The Tandem War Elephant** WI4/5, 55M
02/15: Jónas G Sigurðsson, Grímur Snorrason
Glettilega stíf ishöft í bröttu snjógili.

E) Ytrihvilft 6-7 km frá Bíldudal



Mynd: Cassim Ladha

Ytrihvilft er enn eitt skessusætið og er beint vestan við Innri-hvilft en eilítið minni í sniðum. Aðeins ein leið er skráð í hvilftinni en Kitty Calhoun og félagar gerðu atlögu að tveimur öðrum leiðum í hvilftinni árið 2014 en kláruðu þær ekki upp á topp og skráðu því ekki. Möguleikar eru á nokkrum leiðum til viðbótar á svæðinu.

E1) Sea Monster WI5, 350M
02/14: Kitty Calhoun, Jay Smith, John Catto, Beth Goralski
Nákvæm staðsetning óljós. Líklega augljósasta línan í hvilftinni.

F) Fífustaðadalur



Mynd: Sigurður Tómas Þórisson

Fífustaðadalur hefur að geyma allnokkrar leiðar af ýmsum erfðleikastigum. Þrjár leiðir voru klifnar austan megin í dalnum af Kitty Calhoun og félögum árið 2014 og eru enn möguleikar fyrir nýjar leiðir.

F1) Screwed WI4+, 70M
02/14: Kitty Calhoun, Jay Smith, John Catto, Beth Goralski

F1) Artic Fox WI4, 40M
02/14: Kitty Calhoun, Jay Smith, John Catto, Beth Goralski

F3) Pink Panther WI5-, 40M
02/14: Kitty Calhoun, Jay Smith, John Catto, Beth Goralski

G) Selárdalur

Selárdalur er síðstur Ketildalanna og þar endar vegurinn. Í Selárdal er að finna áhugavert listasafn Samúels Jónssonar, listamannsins með barnshjartað. Samúel smíðaði með berum höndum úr fjörugrjóti eigin kirkju utan um umdeilda altaris-töflu sína og fjölda höggmynda eftir listamanninn er að finna á svæðinu.

Einnig er í Selárdal að finna eyðibýlið Uppsali, sem frægast er fyrir einbúann þjóðþekktu Gísla á Uppsölum, en hann varð þjóðkunnur í sjónvarpsþætti þar sem fram kom að hann hafði lifað og starfað mest alla 20. öldina (þar til hann lést árið 1987) án þess að nýta sér þægindi eins og rafmagn, vinnuvélar og ökutæki (www.arnfirthingur.is). Í Selárdal og nágrenni er að finna þó nokkurn fjölda ísklifurleiða, flestar ósnertar.

G1) Ælan WI4, 200M
02/09: Halldór Alberts, Ásgeir A. Stefánss, Sigurður Kristj.
Í Sandvíkurhrynu.



Staðsetning helstu ísklifurleiðanna í Arnarfirði.


Stakar leiðir



Hrímpurs (WI5) í Byltufjalli. Mynd: Óðinn Árnason

Hrímpurs WI5, 45M
02/15: Óðinn Árnason og Arnar Jónsson
Norðvesturhliðar Byltufjalls, sem er beint á móti Bíldudal, hinum megin við víkina/fjörðinn. Möguleikar eru á fleiri leiðum í „Byltunni“.

Sound of Summer WI4, 180M
02/15: Neil Griffiths, Adam Crook, Sean Wilkinson.
Í Austurhliðum Hringsdals, ofan við lítið hús í dalnum. Aðkoma tekur um 30-40 mín. Hringsdalur er á milli Hvestudals (C) og Innrihvilftar (D) og eru þar enn möguleikar á fleiri leiðum.



Sound of Summer (WI4) í Hringsdal. Mynd: Cassim Ladha

Lítill hjörtu WI3, 30M
02/09: Ágúst, Daði, Arnar, Berglind og Heiða
Við Grænuhlíð í Bakkadal.

Feelgood WI3, 30M
02/09: Ágúst, Daði, Arnar, Berglind og Heiða
Við Grænuhlíð í Bakkadal.